

Ed. 153. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

II.—V. liður 9. gr. laganna orðist svo:		
II. a. Skurðir, dýpt 1 m og grynnri	kr. 1.50	10 m ³
b. Skurðir, dýpt 1—1,3 m	— 1.80	—
c. Skurðir, dýpt yfir 1,3 m	— 2.50	—
d. Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 2.25	10 m
e. Viðarræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 1.50	—
f. Hnausræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 1.00	—
g. Pípuræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 2.25	—
III. a. Þaksléttur í nýrækt	— 2.00	100 m ²
b. Græðisléttur í nýrækt	— 1.40	—
c. Sáðsléttur í nýrækt	— 2.50	—
d. Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt	— 3.00	—
e. Sáðsléttur í nýrækt, 2 ára forrækt	— 3.50	—
f. Þaksléttur í túni	— 2.00	—
g. Græðisléttur í túni	— 1.25	—
h. Sáðsléttur í túni	— 2.00	—
i. Matjurtagarðar	— 1.80	—
j. Grjótnám úr ræktunarlandi, aldrei yfir 50 m ³ á býli árlega, enda sé grjótið ekki seljanlegt	— 1.00	1 m ³
IV. a. Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavirsgirðingu	— 2.00	10 m
b. Sama gerð með steiptum horn- og hliðarstólpum og gegnumdreyptum stólpum eða öðrum jafngóðum	— 2.50	—
V. a. Þurrheyshlöður, steiptar með járnþaki	— 1.00	1 m ³
b. Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	— 0.50	—
c. Votheyshlöður, steiptar með járnþaki, hringlaga	— 4.00	—
d. Votheyshlöður með annarri lögun, steiptar með járnþaki ..	— 3.50	—

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir. Samhliða þessari spjaldskrá skal Búnaðarfélag Íslands gera aðra spjaldskrá, er sýni stærð á véltæku túni hvers býlis samkvæmt jarðamati og þau mannvirki býlisins, sem styrkhæf eru samkvæmt 9. gr. I. og V. og bæti síðan inn á þá skrá þeirri viðbót, sem verður með árlegum umbótum jarðanna.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býlum, sem hafa minna en 8 hektara af véltæku túni, greiðist til túnræktar samkv. 9. gr. II., III. og IV. 100% hærri styrkur en sú grein ákveður.
- b. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist til húsabóta samkvæmt 9. gr. I. og V. 30% hærri styrkur en sú grein ákveður.
- c. Býlum, sem fengið hafa samtals 6000—7500 kr., skal greiða 30% minna fyrir hvert verk.
- d. Býlum, sem fengið hafa samtals meira en 7500 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Nú greiðist verðlagsuppbót á styrkinn samkv. 9. gr. vegna aukins kostnaðar við framkvæmd verkanna, og telst sú uppbót þá ekki með sem styrkur veittur býli samkvæmt a—d lið þessarar greinar.

Býlum, sem hafa 8—10 hektara af véltæku túni og hafa fengið 2000—6000 kr., skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta samkvæmt 9. gr., en býlum, sem hafa meira en 10 hektara af véltæku túni, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. II., III. og IV., og býlum, sem hafa komið sér upp mannvirkjum þeim, er greind eru í 9. gr. I. og V. og að mati Búnaðarfélags Íslands fullnægja þörfum býlis, sem hefur 10 hektara af véltæku túni eða meira, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. I. og V.

Ekki nær ákvæði d-liðs þessarar greinar svo og ákvæðin, sem takmarka rétt býlis til styrks, til þeirra búna, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess að ókleift er, sakir erfiðleika og dýrleika, að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Sama gildir um hámark það, sem ákveðið er í 9. gr. III. j. um styrk til grjótnáms, að því er snertir býli við kaupstaði, þar sem svo stendur á sem að ofan greinir og ekki er kostur á ræktun, nema í mjög grýttum jarðvegi.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands ákveður árlega, hver hámarksstyrkurinn fyrir hvert býli skal vera á árinu.

4. gr.

Niðurlagsorð 16. gr. laganna: „þar til komnar eru til býlisins samtals 5 þús. kr. Úr því fellur heimild ábúanda niður til að vinna af sér jarðarafgjald“, falli niður.

Greinargerð.

Efni þessa frumv. er í meginatriðum hið sama og frumv. þess, er ég flutti á Alþingi 1939, með þeim breytingum, er nú skal greina:

Fjárhæðir þær, er takmarka styrkinn til hvers býlis, eru nokkuð hækkaðar, enda skulu þær auk þess hækka í hlutfalli við aukinn kostnað við framkvæmdirnar vegna vaxandi dýrtíðar, þar sem gert er ráð fyrir verðlagsupphót, og heildarhámark styrksins, sem áður var 5000 kr., er lagt til, að verði með öllu numið úr gildi, en í stað þess er réttur býlis til styrks eingöngu takmarkaður af ásigkomulagi býlisins, stærð ræktaðs lands og þeim mannvirkjum, sem komið hefur verið upp. Loks er 9. greininni breytt þannig, að teknar eru upp tillögur búnaðarþingsins óbreyttar. Þessar breytingar miða allar til hækkunar, en þó einkum á styrk til framræslu, eins og sjálfsagt er, eins og nú er ástatt. Þótti rétt að taka þessar tillögur búnaðarþings upp í þetta frumv., þar sem ætlað er til, að gerðar verði svo gagngerðar breytingar á fyrirkomulagi styrksins. Vildi ég miða þessar breytingar við tillögur sérfræðinga, sem gerðar eru samkvæmt fenginni reynslu, en ekki við núgildandi lög.

Ber tvennt til, að sérstök ástæða er til að gera þær breytingar á jarðræktarlögum, sem eru aðalefni þessa frumv., eins og nú er ástatt. Það fyrst, að nú er nóg fjármagn til í landinu, sem allt bendir til, að verði verðlitið, ef það er látið liggja ónotað. Ber því brýna nauðsyn til, að fjármagn þetta verði notað til hagnýtra framkvæmda í landinu, sem unnt er að vinna að vegna styrjaldarástandsins. Í öðru lagi eru þessar breytingar nauðsynlegar vegna þess, að verðlag allt hefur hækkað stórum, og er því ekki hægt að reikna með sömu peningaupphæðum og áður. Þess vegna er líka sjálfsagt að greiða verðlagsupphót á styrki samkvæmt jarðræktarlögum, svo og styrkinn til nýbýla og annarra hagnýtra landbúnaðarframkvæmda, og hækka stórum framlag ríkisins til þessara mála. Munu þingmenn Sósíalístaflokksins flytja tillögur um þetta á þessu þingi.

Þar sem peningagildi er svo mjög á reiki, er mjög erfitt að ákveða með lögum hámarksstyrk til hvers býlis árlega. Þykir því rétt, að það verk verði falið Búnaðarfélagi Íslands, enda hlýtur slíkt hámark að verða allbreytilegt frá ári til árs, þegar öll fjármál eru svo mjög á hverfanda hveli.

En langveigamesta nýmælið í frumv. eru ákvæðin um, að réttur býlis til styrks skuli ekki miðast við þá fjárupphæð, sem það hefur fengið, heldur eingöngu við ásigkomulag býlisins, þörf þess fyrir styrkinn. Í frumv., sem ég flutti 1939, var þessi leið farin að því er tónræktina snerti, en 5000 kr. hámarkinu þó haldið. Í þessu frumv. er hámarki þessu sleppt með öllu og lagt til, að styrkur til húsaþóta verði einnig takmarkaður við ásigkomulag býlisins. Að öðru leyti eru enn í fullu gildi þær röksemdir, sem fram voru bornar í greinargerð þeirri, sem fylgdi fyrra frumv., en aðalefni hennar var sem hér segir:

„Það er kunnugt af athugunum, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði árið 1935, að styrkur sá, sem úthlutað hafði verið eftir jarðræktarlögum frá 1923, hafði komið mjög ójafnt niður á hin einstöku býli. Höfðu hinir efnaðri bændur yfirleitt notið meiri styrks til umbóta á þeim býlum, er voru í betri býla röð áður en jarðræktarlögin gengu í gildi. Ábýli manna höfðu því stórum ójafnast. Sums staðar hefur þetta leitt til þess, að smábýli, sem annars hefðu þótt byggileg, hafa dregið svo aftur úr, að ekki hefur þótt búandi á þeim lengur, og hefur það meðal annarra ástæðna valdið „flóttanum“ úr sveitunum. Hitt er þó orlagaríkara, að það hefur átt sinn þátt í að viðhalda og auka mismun á efnahag og allri lífsaðstöðu manna í sveitunum og valdið með því margs háttar félagslegu böli.

Breyting sú, sem gerð var á jarðræktarlögum 1936, gekk að afar litlu í þá átt að bæta úr þessum ágalla hinna eldri jarðræktarlaga. En þessar breytingar gengu allt of skammt. Þau býli, sem minnstan styrk höfðu áður fengið og voru þess vegna skemmst á leið komin um ræktun, skyldu að vísu fá 20% hærri styrk en önnur. En þetta er ekki svo mikið sem til þess að veða á móti því, hve miklu örðugra ábúendur þessara býla eiga að jafnaði með að ráðast í umbætur á jörðum sínum vegna allrar aðstöðu sinnar. Það er því ekki rétt að gera ráð fyrir, að þessi umbót á jarðræktarlögum, sem gerð var 1936, valdi nokkrum verulegum stefnuhvörfum um þessi efni.

Það eiga hins vegar þær breytingar á ákvæðum jarðræktarlaganna um styrkgreiðslu til tónræktar, sem lagðar eru til með þessu frumvarpi, að gera. Hér er bein-

línis að því stefnt að útrýma kotbýlunum í islenskum sveitum á fáum árum, með því að gefa hverjum atorkusömum bónda kost á að gera ábyli sitt að bújörð, sem gæti veitt meðalfjölskyldu viðunandi lífskjör, án þess að það þurfi að valda honum óbærilegum kostnaði. Þetta, að útrýma kotbýlunum í sveitunum, á að vera jafnsjálfsagt sem það er að útrýma kjallaraibúðum í kaupstöðum. Hvort tveggja er varúðarráðstöfun gegn hæðri líkamlegum og félagslegum sjúkdómum. Og í hvorri tveggja þessara varúðarráðstafana á þjóðfélagið í heild að sjálfsögðu að taka verulegan þátt.

Með þessum breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði á jarðræktarlögunum, mundi styrkur til jarðabóta á þeim býlum, er hefðu minna en 8 hektara af véltæku túni, nema allt að helmingi kostnaðar við jarðræktina, þar sem skilyrði eru bezt, og ábúandi á jörð, sem er rikiseign, gæti fengið allt að því full daglaun við það að vinna af sér afgangsgreiðslu með jarðabótum. Þetta virðist mjög heilbrigð skipting kostnaðarins af ræktun jarðanna, þegar þess er jafnframt gætt, að hér er um heilbrigðilega ráðstöfun að ræða, þar sem er útrýming kotbýlanna.

Hins vegar er engin þörf á að veita einstökum bændum jarðræktarstyrk til þess að koma sér upp stærra túni en 10 hektara. Þegar tún er orðið stærra en það, verður það varla nytjað, nema með aðkeyptum vinnukrafti. Hvernig sem annars er litið á þjóðfélagsmál, ætti ekki að þykja ástæða til, að ríkið styrkti bændur til að skapa sér aðstöðu til gróðamöguleika með aðkeyptri vinnu, fyrr en búið væri að tryggja það, að sem flestir þeirra gætu rekið sjálfstæðan búskap með vinnu sinnar eigin fjölskyldu. Ákvæðið um það að takmarka álagið á styrkinn til jarðræktar eins og hann er ákveðinn í 9. gr. við minna en 8 hektara túnstærð, og takmarka jarðræktarstyrkinn síðan við 10 hektara, ætti einnig að stuðla að því hvoru tveggja, að menn vönduðu jarðabætur sínar og að jörðum væri skipt, þar sem skilyrði væru til þess.“